## Hefur þú heimsótt héraðsskjalasafnið þitt?

Héraðsskjalasöfnin eru 20 talsins og geta náð til eins eða fleiri sveitarfélaga. Þau sveitarfélög, sem ekki eru aðilar að rekstri héraðsskjalasafns, eru skilaskyld til Þjóðskjalasafns Íslands.

Héraðsskjalasöfnin varðveita heimildir um byggðarlög sín og eru miðstöðvar rannsókna á sögu þeirra.



*Héraðsskjalasöfnin -*
*viskubrunnar sögu og menningar!*

# Héraðsskjalasöfnin

*Miðstöðvar heimilda*
*um byggðarlag þitt*





*Maður án fortíðar er eins og tré án róta*

# Héraðsskjalasöfnin á Íslandi:

**Borgarskjalasafn Reykjavíkur,**
Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is

**Héraðsskjalasafn Kópavogs,**
Hamraborg 1, 200 Kópavogur
www.kopavogur.is/heradsskjalasafn

**Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar,**
Kjarna, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær
www.mosfellsbaer.is

**Héraðsskjalasafn Akraness,**
Heiðarbraut 40, 300 Akranes
www.akranes.is/mannlif/sofn-og-syningar/heradsskjalasafn/

**Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar,**
Bjarnarbraut 4-6, 310 Borgarnes
www.safnahus.is

**Héraðsskjalasafn Dalasýslu,**
Miðbraut 11, 370 Búðardalur

**Héraðsskjalasafnið Ísafirði,**
Safnahúsinu Eyrartúni, 400 Ísafjörður
safn.isafjordur.is

**Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu,**
Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

**Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu,**
Hnjúkabyggð 30, 540 Blönduós
www.simnet.is/skjalasafn

**Héraðsskjalasafn Skagfirðinga,**
Safnahúsinu við Faxatorg, 550 Sauðárkrókur
www.skagafjordur.is/skjalasafn

**Héraðsskjalasafn Siglufjarðar,**
Gránugötu 24, 580 Siglufjörður

**Héraðsskjalasafn Svarfdæla,**
Ráðhúsi Dalvíkur, 620 Dalvík
www.dalvik.is/bokasafn

**Héraðsskjalasafnið á Akureyri,**
Brekkugötu 17, 600 Akureyri
www.akureyri.is/thjonusta/heradsskjalasafn

**Héraðsskjalasafn Þingeyinga,**
Safnahúsinu, Stóragarði 17, 640 Húsavík
www.husmus.is

**Héraðsskjalasafn Austfirðinga,**
Laufskógum 1, 700 Egilsstaðir
www.heraust.is

**Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar,**
Urðarteigi 10, 740 Neskaupsstaður

**Héraðsskjalasafn Austur- Skaftafellssýslu,**
Nýheimum, Litlubrú, 780 Höfn

**Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftafellinga,**
Skógum, 861 Hvolsvöllur
www.skogasafn.is/deildir.asp

**Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja,**
Safnahúsinu við Ráðhúströð, 900 Vestmannaeyjar
www.vestmannaeyjar.is/safnahus

**Héraðsskjalasafn Árnesinga,**
Austurvegi 2, 800 Selfoss

Útgefandi Þjóðskjalasafn Íslands 2008. Umsjón Svanhildur Bogadóttir. P08.07.579 - Hönnun og prentvinnsla Oddi ehf.

# Hvað er að finna á héraðsskjalasöfnum?

**Opinber skjöl**

Héraðsskjalasöfn safna og varðveita skjöl bæjar- og sveitarstjórna, sýslu- og héraðsnefnda og einnig byggðasamlaga og hreppstjóra þegar um slíkt er að ræða. Jafnframt taka þau við skjölum allra embætta, stofnana og fyrirtækja þessara aðila eða annarrar starfsemi á vegum þeirra.

## Söfnin varðveita meðal annars:

- Fundargerðir nefnda og stjórna sveitarfélaga
- Bréfasöfn sveitarfélaga og stofnana þeirra
- Skjöl og gögn um lóðir, jarðir og byggingar
- Skjöl og gögn um skipulagsmál
- Einkunnir og vitnisburði um skólavist
- Skattskrár og fasteignaskrár
- Manntöl og íbúaskrár
- Afrit af kirkjubókum
- Ljósmyndir






**Einkaskjalasöfn**

Héraðsskjalasöfn taka einnig til varðveislu skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja á safnsvæðinu. Félögum og samtökum sem njóta verulegra opinberra styrkja er skylt að skila skjölum til héraðsskjalasafns síns. Frá einstaklingum koma t.d. sendibréf, dagbækur og ljósmyndir. Félög og fyrirtæki afhenda oft fundargerðabækur, bréfasöfn, ljósmyndir og sjóðsbækur.



Skjöl frá einkaaðilum veita ómetanlegar upplýsingar um sögu og mannlíf og sýna okkur fjölbreytta mynd af fortíðinni. Við hefðum einhæfa mynd af samfélaginu ef eingöngu væri stuðst við opinber skjöl.



## Þjónusta við gesti

Héraðsskjalasöfnin eru flest með sérstaka lesstofu og fastan afgreiðslutíma. Í nokkrum söfnum er afgreiðslutími samkvæmt samkomulagi. Öllum er heimill aðgangur að söfnunum og starfsmenn þeirra aðstoða gesti við að finna upplýsingar og heimildir.

Aðgangur að opinberum skjölum er samkvæmt upplýsinga- og stjórnsýslulögum, nema önnur lög gildi. Einkaaðilar sem afhenda skjöl sín geta sett ákveðin aðgangsskilyrði.

Skjölin eru ekki lánuð út af söfnunum, en hægt er að fá ljósrit af þeim gegn vægu gjaldi.




## Skjalastjórn og stofnanir sveitafélaga

Allar stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga eru skilaskyld á skjölum sínum til héraðsskjalasafna þar sem þau eru starfandi. Skjöl eru þau gögn sem hafa að geyma upplýsingar sem hafa orðið til við starfsemi stofnunar, hvort sem þau eru tölvugögn, skrifuð gögn, uppdrættir og teikningar, ljósmyndir, hljóðupptökur eða önnur hliðstæð gögn. Héraðsskjalasöfnin hafa eftirlit með skjalastjórn afhendingarskyldra aðila, veita þeim ráðgjöf og gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu.

